

Umsókn

um tímabundinn greiðslufrest lána vegna Covid-19



| | |
|---------------------|-------------|
| Nafn umsóknaraðila: | Kennitala: |
| Netfang: | Sími (tel): |

hér eftir, „fyrirtækið“, sækir hér með um tímabundinn greiðslufrest á lánum fyrirtækisins, sökum greiðsluerfiðleika tilkomnum vegna tekjuskerðingar fyrirtækisins í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19. Umsókn þessi er sett fram í samræmi við samkomulag dags. 22. mars 2020 milli lánveitenda á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja og Landsambands lífeyrissjóða, sem miðar að því að koma til framkvæmda tímabundinni frestun á innheimtu lána fyrirtækja, sem viðbrögð vegna heimsfaraldurs Covid-19, hér eftir „samkomulagið“.

Umsókn um greiðslufrest samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi skal beint að aðalviðskiptabanka umsækjanda. Með umsókn þessari staðfestir fyrirtækið að aðalviðskiptabanki þess er Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, hér eftir „Íslandsbanki“ eða „bankinn“.

Greiðslufrest á lánum samkvæmt samkomulaginu skal aðeins veita rekstrarfélögum þ.e. fyrirtækjum sem selja vöru og þjónustu og aðeins fyrirtækjum sem eru í heilbrigðum rekstri en stríða við tímabundinn rekstrarvanda vegna efnahagslegra áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins. Það er því skilyrði greiðslufrests að fyrirtækið hafi ekki verið í vanskilum 60 daga eða lengur í lok febrúar síðastliðinn og að fyrir liggi væntingar um að fyrirtækið geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar þegar heimsfaraldurinn hefur gengið yfir. Það er jafnframt skilyrði að fyrirtækið hafi nýtt sér eða muni nýta sér viðeigandi úrræði stjórnvalda vegna heimsfaraldursins, sem því stendur til boða.

Samþykki bankinn umsókn fyrirtækisins skulu þær greiðslur afborgana og vaxta, sem er frestað, leggjast við höfuðstól lánsins. Skal lánstími lengjast sem nemur fjölda frestaðra gjalddaga. Sé um að ræða skuldir án gjalddaga frestast greiðsla til loka gildistíma samkomulagsins. Frestaðar greiðslu skulu bera sömu vexti og upphafleg skuld.

Fyrirtækið sækir um greiðslufrest lána sinna í mánuði (val um 3-6 mánuði).

Lýsing á ástæðum greiðsluerfiðleika fyrirtækisins og rekstrarhorfur þess árið 2020:

Með undirritun á umsókn þessa veitir fyrirtækið Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til þess að sækja upplýsingar í skuldastöðukerfi Creditinfo um stöðu allra innlána, útlána og annarra fjárskuldbindinga við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eða aðrar fjármálastofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila.

Samþykkt af hálfu umsóknaraðila

Með undirritun á umsókn þessa samþykkir fyrirtækið jafnframt að Íslandsbanki upplýsi aðra kröfuhafa fyrirtækisins, sem eru aðilar samkomulagsins, um niðurstöðu mats bankans á umsókn fyrirtækisins um greiðslufrest, sem og um tímalengd greiðslufrests, ef við á.

Samþykkt af hálfu umsóknaraðila

Fyrirtækið ábyrgist réttmæti þeirra upplýsinga sem það veitir bankanum um fjárhags- og eignastöðu sína í tengslum við umsóknina. Á meðan umsóknin er í vinnslu munu engar frekari innheimtuaðgerðir eiga sér stað, séu lán í vanskilum. Reynist upplýsingar og/eða gögn sem fyrirtækið leggur til, vera röng eða gefa með einhverjum hætti ranga eða villandi mynd af fjárhags- og eignastöðu fyrirtækisins hefur bankinn rétt á því að fella skilmálabreytingar lána úr gildi.

Mikilvægt er að fyrirtækið skili bankanum eins greinargóðum gögnum og kostur er um fjárhagsstöðu sína, rekstrarhorfur og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í rekstrinum. Liggi ársreikningur 2019 eða drög að honum ekki fyrir er mikilvægt að fá eins greinargóð gögn um veltu, rekstrarkostnað og afkomu liðins árs og kostur er.

Bankinn áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum en í umsókninni greinir.

Fyrirtækinu er bent á að hafa samband við sinn tengilið í bankanum eða með tölvupósti á netfangið fyrirtaeki@islandsbanki.is vakni upp spurningar vegna umsóknarferlisins. Umsókn þessari má skila inn til bankans í tölvupósti á framangreint netfang en hún skal þó ávallt vera undirrituð af hálfu fyrirtækisins. Fyrirtækið skal afhenda bankanum frumrit umsóknarinnar sé þess óskað síðar.

Staður

Dagsetning

Undirritun f.h. fyrirtækisins



EY-10560 - 01042020